

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Sent rafrænt á netfangið: [nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

Ísafirði 2. desember 2013

**Efni: Umsögn um þingskjal 178 – 153 mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (hlutdeildarsetning úthafs-rækju og rækju á miðunum við Snæfellsnes).**

Kampi ehf, kt. 571007-1690, sem rekur rækjuvinnslu á Ísafirði og útgerðarfélagið Birnir ehf, kt. 580392-3429, í Bolungarvík gera sameiginlega ýmsar athugasemdir við ofangreint frumvarp og þær athugasemdir sem fylgja með lagafrumvarpinu.

Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við það að úthluta eigi fyrrverandi kvótahöfum kvóta í rækju á ný. Við spyrjum hvaða rök og heilbrigð skynsemi felist í því þar sem þeir hafa langflestir ekki veitt rækju í mörg ár, hvort heldur þegar hún var kvótasett eða þegar veiðar voru gefnar fjálsar Fyrrverandi kvótahafar höfðu alla möguleika á að verja sínar aflaheimildir með því að stunda veiðar. Þegar úthafs-rækja var kvótasett gekk kvótalitlum og kvótalausum útgerðum oft illa að fá leigðar til sín aflaheimildir í rækju sem olli því að leggja þurfti skipum tímabundið. Sú hættu er fyrir hendi að það sæki í fyrri horf að nýju ef úthafs-rækjukvóta verður úthlutað til fyrrverandi kvótahafa.

Stór hluti veiða sem fór fram í tæp 10 ár frá árinu 2001 byggði á leigu á aflamarki en heildaraflamark var ekki nýtt. Fyrrverandi kvótahafar voru leystir undan veiðiskyldu og þurftu ekki að greiða veiðigjald af úthlutaðu aflamarki í fimm fiskveiðiár. Vegna þessara sérlega fylgdu engar skyldur því lengur kvótæign sem er í andstöðu við meginreglur fiskveiðstjórnunarlaganna og ef þessi sérlæg hefðu ekki komið til þá hefði aflahlutdeild þeirra verið skert.

Síðustu þrjú fiskveiðiárin sem úthafs-rækja var í kvóta voru veiðar aðeins stundaðar af litlum hluta þeirra fiskiskipa sem fengu úthlutaðan kvóta:<sup>1</sup>

|                                       | 2007-2008 | 2008-2009 | 2009-2010 |
|---------------------------------------|-----------|-----------|-----------|
| Fjöldi skipa sem fengu úthlutað kvóta | 75        | 76        | 76        |
| Af þeim skipum veiddu                 | 5         | 7         | 10        |
| Fjöldi kvótalausra skipa sem veiddu   | 4         | 10        | 11        |

Af þessum 76 skipum sem fengu úthlutun 2009 – 2010 fengu 16 fiskiskip úthlutað meira en 2% af kvótanum eða samtals 81,6% af heildarúthlutun ársins. Það ár veiddu þessi skip sem

<sup>1</sup> Upplýsingar af vef Fiskistofu [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)

höfðu meira en 2% úthlutun ekki nema 8,9% af því sem veitt var. Það sem þessi skip nýttu sér ekki var leigt til þeirra skipa sem fengu minna en 2% kvótaúthlutun og til kvótalausra skipa. **Þáverandi kvótahafar leigðu frá sér þetta fiskveiðiár 87% af sínum aflaheimildum til annara skipa.**<sup>2</sup> Nánar er vikið að veiðum fyrrverandi kvótahafa í athugasemdum hér síðar.

Ljóst er að verði frumvarp þetta að lögum mun það hafa neikvæð áhrif fyrir rækjuvinnslu Kampa ehf og aðrar rækjuvinnslur á Íslandi sem unnið hafa úr úthafs-rækju veiddri við Ísland og ekki síst þær útgerðir þeirra fiskiskipa sem stundað hafa þessar veiðar. Það á meðal annars við um skip sem verið hafa í viðskiptum við Kampa ehf, sum þeirra allt frá árinu 2007. Frumvarpið mun skaða rekstrargrundvöll þeirra þar sem aðgengi þeirra að því að stunda rækjuveiðar verður takmarkaðra þar sem skipin myndu þurfa að leigja til sín aflamark í miklum mæli. Þetta gerir veiðar á rækju óhagkvæmar og mun væntanlega leiða til þess að skipum verði lagt og áhöfnum sagt upp. Það leiðir síðan óhjákvæmilega til þess að rækjuvinnslurnar þurfa að endurskoða sínar rekstrarforsendur með þeim ófyrirsjáanlegum afleiðingum sem það kann að hafa á vinnslurnar sjálfar og starfsfólk þeirra.

Sem dæmi má nefna að árið 2007, þegar úthafs-rækja var enn kvótasett, markaði Kampi ehf þá stefnu að auka vægi innlends hráefnis frá því sem verið hafði. Fiskveiðiárið 2007 – 2008 tók Kampi á móti 867 tonnum af úthafs-rækju veiddri á Íslandsmiðum en fiskveiðiárið 2012 – 2013 var þetta magn komið uppí 2.548 tonn. Hefur hlutfall innlends hráefnis í vinnslu Kampa ehf farið uppí að vera 50 – 55% af hráefnisnotkun á ári (að meðtaldri innfjarðarrækju) og árið 2012 framleiddi Kampi 30,2% af heildarframleiðslu rækju á Íslandi. Það er því ljóst að hér er um verulega hagsmuni fyrir Kampa ehf að ræða. Annað sem má nefna að miðað við skiptinguna í frumvarpinu, 70/30, þá munu viðskiptabátar Kampa sl. 3 ár fá úthlutað um 411 tonnum, miðað við 5.000 tonna úthlutun. Það þýðir að það myndi duga að senda eitt af þeim smærri skipum sem verið hafa í viðskiptum við Kampa til að veiða þetta magn upp – flestum hinna skipanna yrði lagt.

Þetta frumvarp setur í hættu um 35 störf í rækjuvinnslu Kampa ehf á Ísafirði sem og að áætla má að 40 – 50 sjómenn, hugsanlega fleiri, munu missa vinnuna við að 4 – 5 viðskiptaskipum Kampa verði lagt. Ótalið er þá hvaða neikvæðu áhrif þetta mun hafa á aðra starfsemi Kampa ehf, eins og t.d í Bolungarvík þar sem til urðu 20 ný störf á þessu ári vegna mjöl- og fiskvinnslu sem Kampi fór af stað með. Rækjuvinnslan er hryggjarstykkið í rekstri Kampa og því er sú hættu fyrir hendi að þetta skaði aðra starfsemi félagsins. Af þessum 95 – 105 störfum sem hér hafa verið upptalinn og eru í hættu vegna þessa frumvarps eru 95% við Ísafjarðardjúp, þ.e á Ísafirði og í Bolungarvík.

Því er ástæða til að vekja athygli á 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og spyrja háttvirta þingmenn að því um leið hvort þeir virkilega trúir því að markmið þessa frumvarps fari saman við það sem þar stendur?:<sup>3</sup>

***„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og***

<sup>2</sup> Unnið upp úr gögnum af vef Fiskistofu. Samantekt þessara gagna fylgir með sem viðauki – merkt nr. 1

<sup>3</sup> Úr lögum um stjórn fiskveiða – 1 grein.

*byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“*

Þá má benda á lögfræðiálit frá Lögmannsstofunni Sókn (Jón Jónsson hrl) sem gerð var fyrir útgerð sem stundað hefur úthafs-rækjuveiðar undanfarin ár og hefur verið í viðskiptum við Kampa ehf frá árinu 2009 en þar segir m.a orðrétt:<sup>4</sup>

*„Réttarstaða útgerða sem stundað hafa veiðar á grundvelli 1. mgr 8. gr fstjl. er sambærileg við önnur tilvik þar sem til greina hefur komið að kvótasetja tegund, sbr. 9. gr. um 3ja ára veiðireynslu. Þegar endi er bundinn á veiðar skv. 1. mgr. 8. gr. verður að skerða atvinnuréttindi starfandi útgerða, þannig að gætt sé jafnræðis og meðalhófs. Ákvörðun aflahlutdeildar eingöngu á grundvelli 3ja ára veiðireynslu samrýmist þeim sjónarmiðum, gagnvart öllum útgerðum.*

*Nýleg veiðireynsla hefur verið meginviðmið við úthlutun aflahlutdeildar. Í eldri dæmum um kvótasetningu hefur verið litið til annarra sjónarmiða, þegar nýleg veiðireynsla lýsir ekki veiðigetu nægjanlega. Tillit til eldri aflahlutdeildar, sem kvótahafar veiddu ekki upp í, væri andstæða slíkra sjónarmiða. Slíkt viðmið væri fordæmalaust og í andstöðu við jafnræðis- og meðalhófs-sjónarmið.“*

Ljóst er að verði frumvarp þetta að lögum í þeirri mynd að það endurveki niðurfalinn réttindi fyrrverandi kvótahafa og takmarki atvinnuréttindi þeirra sem stundað hafa veiðar sl. þrjú ár þá munu útgerðir skipa sem hafa verið í viðskiptum við Kampa ehf undanfarin ár leita réttar síns fyrir dómstólum.

#### Athugasemdir við einstaka liði athugasemda sem fylgja með frumvarpinu

##### **Athugasemd við 1. gr. 5. mgr.**

Þar stendur orðrétt:

*„Veiðisókn í úthafs-rækju hefur aukist umtalsvert á síðustu árum. Samkvæmt gögnum frá Fiskistofu hefur tæpur helmingur aflamagns í úthafs-rækju á síðustu árum verið veiddur af skipum útgerða sem ekki ráða yfir skráðri aflahlutdeild, en fjöldi þeirra báta sem stundað hefur veiðarnar hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum eins og sjá má á þessari töflu.“*

Gerð er athugasemd við töfluna sjálfa sem og hvernig þessi texti er settur upp án frekari útskýringa. Samkvæmt gögnum sem finna má á vef Fiskistofu og unnið hefur verið úr þá er fjöldi þeirra skipa sem stundað hafa veiðarnar undanfarin þrjú ár í raun þessi:<sup>5</sup>

|                        | 2010-<br>2011 | 2011-<br>2012 | 2012-<br>2013 |
|------------------------|---------------|---------------|---------------|
| Fjöldi fiskiskipa:     |               |               |               |
| Samkvæmt frumvarpinu   | 27            | 35            | 50            |
| <b>Samantekt Kampa</b> | <b>21</b>     | <b>30</b>     | <b>42</b>     |

<sup>4</sup> Úr lögfræðiálit Lögmannsstofunnar Sókn. Samantekt lögfræðiálitisins fylgir með sem viðauki – merkt nr. 2

<sup>5</sup> Upplýsingar af vef Fiskistofu [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)

Eins og þarna sést þá ber þessum skipafjölda ekki saman.

Hitt er að orðalagið „.....tæpur helmingur aflamagns í úthafs-rækju á síðustu þremur árum verið veiddur af skipum útgerða sem ekki ráða yfir skráðri aflahlutdeild.....“ segir ekki alla söguna og þarf að útskýra betur.

Hér er tafla sem sýnir skiptinguna á fjölda þeirra skipa sem fengu úthlutaðan kvóta, fjölda þeirra skipa sem fengu kvóta sem fóru á veiðar og fjölda þeirra skipa sem voru án kvóta en stunduðu veiðar frá 2007 – 2013:

|                               | 2007-<br>2008 | 2008-<br>2009 | 2009-<br>2010 | 2010-<br>2011 | 2011-<br>2012 | 2012-<br>2013 |
|-------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Skip sem fengu úthlutað kvóta | 75            | 76            | 76            | 76 *          | 76 *          | 76 *          |
| Af þeim skipum veiddu         | 5             | 7             | 10            | 10            | 13            | 20            |
| Kvótalaus skip sem veiddu     | 4             | 10            | 12            | 11            | 17            | 22            |

\* Miðað er við fjölda þeirra skipa sem fengu úthlutað úthafs-rækju síðasta fiskveiðiárið sem hún var í kvóta.

Síðasta fiskveiðiárið sem úthafs-rækja var í kvóta fengu 76 fiskiskip úthlutað kvóta. Af þeim hafa 22 skip stundað veiðar að einhverju eða öllu leyti á þeim þremur fiskveiðiárum sem veiðar voru frjálssar, 2010 – 2013. Af þessum 76 skipum voru 16 skip sem fengu úthlutað meira en 2% af kvótanum, eða samtals 81,6% af heildarúthlutun ársins, eins og áður hefur komið fram, en þau veiddu ekki nema 10,1% þessi þrjú kvótalaus ári og það voru einungis tvö skip af þessum 16 sem veiddu þennan afla. Þau skip sem fengu úthlutað minna en 2% af kvótanum, eða samtals 18,4% af heildarúthlutun, veiddu hins vegar 42,6% af aflanum árin 2010 – 2013. Kvótalaus skip veiddu síðan 47,3% af afla þessara ára. Þetta þýðir að 89,9% af veiði árinna 2010 – 2013 var veidd af skipum sem höfðu fengið minna en 2% úthlutun á síðasta kvótaárinu eða voru kvótalaus það ár og því hafa 87,5% þeirra fiskiskipa sem fengu meira en 2% úthlutun ekki sinnt þessu undanfarin ár frekar en árin á undan þegar rækjan var kvótasett.<sup>6</sup>

|   | Úthlutað<br>2009-2010 | Veitt<br>2009-2010 | Veitt<br>2010-2013 |
|---|-----------------------|--------------------|--------------------|
| Úthlutað 2% eða meira 2009-2010 (16 skip) | 81,6%                 | 8,9%               | 10,1%              |
| Úthlutað minna en 2% 2009-2010 (60 skip)  | 18,4%                 | 53,4%              | 42,6%              |
| Kvótalaus skip                            | 0,0%                  | 37,7%              | 47,3%              |
|   | 100,0%                | 100,0%             | 100,0%             |

Ástæða er til að ítreka það sem fram kom fyrr í þessari umsögn á bls 1 að fiskveiðiárið 2009 - 2010 leigðu þáverandi kvótahafar 87% af sínum aflaheimildum frá sér til annara skipa.

#### Athugasemd við 5 gr.

<sup>6</sup> Unnið upp úr gögnum af vef Fiskistofu. Samantekt þessara gagna fylgir með sem viðauki – merkt nr. 1

Þar er fjallað um mat á áhrifum frumvarpsins og sett upp tafla með yfirliti um áhrif frumvarpsins. Í fyrstu línu töflunnar er fjallað um þjóðhagsleg áhrif frumvarpsins og undir neikvæðum áhrifum stendur „*engin auðsæ áhrif*“. Við viljum leyfa okkur að mótmæla þessu harðlega því telst það ekki neikvætt á þjóðhagslegan hátt ef um 100 manns sem tengdir eru Kampa ehf og útgerðum skipa sem verið hafa í viðskiptum við rækjuvinnsluna missa vinnuna? Vænta má að áhrifin verði enn víðtækari því þetta mun án efa bitna á fleiri rækjuvinnslum og útgerðum í landinu.

Þá er fjallað um áhrif á umhverfið. Undir jákvæðum áhrifum stendur „*Rækjustofninn við Snæfellsnes lýtur sérstakri veiðistjórn. Færri skip munu stunda veiðar*“ Og undir neikvæðum áhrifum stendur „*Engin áhrif*“ Við áttum okkur ekki á þessum staðhæfingum því miðað við frumvarpið sjálft liggur fyrir að um 105 skip munu fá úthlutuðað aflaheimildum og að halda því fram að færri skip muni stunda veiðarnar við Snæfellsnes teljum við vera rangt mat. Það hlýtur að teljast óhagkvæmt ef skipum fjölgar við þessar veiðar!

Það má líka benda á það að eftir að umræðan um úthafsrækjuna fór af stað á þessu ári kom fram að sérstök ráðgjöf væri í gangi fyrir Kolluál og Jökuldýpi. Hins vegar er það svo að undanfarin ár hefur það komið fyrir að rækju sem landað hefur verið í höfnum annarsstaðar en á Snæfellsnesi hefur verið skráð sem úthafs-rækja þó að hún hafi verið veidd í Kolluál. Eins hefur það komið fyrir að afli veiddur út af Norðurlandi og landaður í höfnum á Snæfellsnesi hafi verið skráð sem veiði í Kolluál. Þetta skekkir óhjákvæmilega heildarmyndina.

#### Virðingarfyllst

Brynjar Ingason, f.h. Kampa ehf  
Albert Haraldsson, f.h. Kampa ehf  
Jón Guðbjartsson, f.h. Birnis ehf

**Meðfylgjandi:** Samantekt af úthlutun og veiði í úthafs-rækju fiskveiðiárið 2009 – 2010 og afla síðustu þriggja fiskveiðiára – merkt nr. 1.

Samantekt lögfræðialits Lögmannsstofunnar Sókn – merkt nr. 2.

**Úthafsrækja**

100,00%

| Skr.nr | Heiti                      | Úthlutun<br>09/10 % | Landanir<br>09/10 kg | Leiga<br>Inn/-út | Afli síðustu 3<br>fiskv.ára kg | Hlutfall af<br>veiddum afla<br>3 ár |
|--------|----------------------------|---------------------|----------------------|------------------|--------------------------------|-------------------------------------|
| 1476   | Björgúlfur EA 312          | 12,674%             | 0                    | -887.212         | 0                              | 0,0000%                             |
| 1146   | Siglunes SI 70             | 12,272%             | 639.381              | -219.684         | 1.382.565                      | 5,7843%                             |
| 1440   | Valur ÍS 20                | 9,781%              | 0                    | -684.682         | 0                              | 0,0000%                             |
| 1270   | Mánaberg ÓF 42             | 7,553%              | 0                    | -528.733         | 0                              | 0,0000%                             |
| 2019   | Bjargey ÍS 41              | 5,211%              | 0                    | -364.735         | 0                              | 0,0000%                             |
| 1530   | Sigurbjörg ÓF 1            | 4,403%              | 0                    | -308.231         | 0                              | 0,0000%                             |
| 2197   | Örvar HU 2                 | 4,308%              | 0                    | -301.581         | 1.043.818                      | 4,3671%                             |
| 2699   | Aðalsteinn Jónsson SU 11   | 3,491%              | 0                    | -244.365         | 0                              | 0,0000%                             |
| 1360   | Kleifaberg ÓF 2            | 3,453%              | 0                    | -241.686         | 0                              | 0,0000%                             |
| 1976   | Barði NK 120               | 3,162%              | 0                    | -221.355         | 0                              | 0,0000%                             |
| 264    | Gullhólmi SH 201           | 3,043%              | 0                    | -213.040         | 0                              | 0,0000%                             |
| 975    | Sighvatur GK 57            | 2,738%              | 0                    | -191.692         | 0                              | 0,0000%                             |
| 2626   | Guðmundur í Nesi RE 13     | 2,567%              | 0                    | -179.694         | 0                              | 0,0000%                             |
| 1395   | Sólbakur EA 1              | 2,318%              | 0                    | -162.269         | 0                              | 0,0000%                             |
| 2407   | Hákon EA 148               | 2,318%              | 0                    | -162.227         | 0                              | 0,0000%                             |
| 2740   | Vörður EA 748              | 2,262%              | 0                    | -158.305         | 0                              | 0,0000%                             |
| 1019   | Sigurborg SH 12            | 1,590%              | 1.141.264            | 1.029.937        | 2.486.815                      | 10,4042%                            |
| 233    | Erling KE 140              | 1,541%              | 0                    | -107.894         | 0                              | 0,0000%                             |
| 2265   | Arnar HU 1                 | 1,075%              | 0                    | -75.241          | 0                              | 0,0000%                             |
| 1905   | Berglín GK 300             | 1,044%              | 0                    | -73.046          | 256.965                        | 1,0751%                             |
| 1977   | Júlíus Geirmundsson ÍS 270 | 0,999%              | 0                    | -69.921          | 0                              | 0,0000%                             |
| 2618   | Jóna Eðvalds SF 200        | 0,899%              | 0                    | -62.902          | 0                              | 0,0000%                             |
| 1278   | Bjartur NK 121             | 0,776%              | 0                    | -54.341          | 0                              | 0,0000%                             |
| 1281   | Múlaberg SI 22             | 0,770%              | 828.744              | 774.871          | 1.682.412                      | 7,0388%                             |
| 2549   | Þór HF 4                   | 0,701%              | 0                    | -49.074          | 0                              | 0,0000%                             |
| 2643   | Júpíter ÞH 363             | 0,700%              | 0                    | -48.974          | 0                              | 0,0000%                             |
| 2600   | Guðmundur VE 29            | 0,688%              | 0                    | -48.185          | 0                              | 0,0000%                             |
| 155    | Lundey NS 14               | 0,661%              | 0                    | -46.241          | 0                              | 0,0000%                             |
| 1039   | Magnús Ágústsson ÞH 76     | 0,581%              | 0                    | -40.636          | 159.483                        | 0,6672%                             |
| 2731   | Þórir SF 77                | 0,581%              | 0                    | -40.636          | 0                              | 0,0000%                             |
| 741    | Grimsey ST 2               | 0,524%              | 0                    | -36.685          | 0                              | 0,0000%                             |
| 2262   | Sóley Sigurjóns GK 200     | 0,508%              | 0                    | -35.577          | 429.146                        | 1,7954%                             |
| 1752   | Brynjölfur VE 3            | 0,481%              | 0                    | -33.645          | 0                              | 0,0000%                             |
| 2067   | Frosti ÞH 229              | 0,464%              | 368.320              | 335.811          | 139.953                        | 0,5855%                             |
| 1109   | Tjaldur II ÞH 294          | 0,373%              | 0                    | -26.133          | 0                              | 0,0000%                             |
| 2325   | Arnpór GK 20               | 0,320%              | 0                    | -22.420          | 0                              | 0,0000%                             |

|      |                             |         |         |         |           |         |
|------|-----------------------------|---------|---------|---------|-----------|---------|
| 2403 | Hvanney SF 51               | 0,314%  | 0       | -21.984 | 0         | 0,0000% |
| 1686 | Valbjörn ÍS 307             | 0,273%  | 357.102 | 337.966 | 1.018.568 | 4,2614% |
| 1424 | Bórsnes II SH 109           | 0,264%  | 0       | -18.497 | 0         | 0,0000% |
| 2040 | Pinganes SF 25              | 0,233%  | 0       | -16.287 | 525.680   | 2,1993% |
| 1028 | Saxhamar SH 50              | 0,228%  | 0       | -15.974 | 0         | 0,0000% |
| 1743 | Sigurfari GK 138            | 0,207%  | 0       | -14.461 | 55.099    | 0,2305% |
| 1661 | Gullver NS 12               | 0,196%  | 0       | -13.732 | 0         | 0,0000% |
| 1629 | Farsæll SH 30               | 0,191%  | 107.813 | 94.477  | 547.014   | 2,2886% |
| 1054 | Sveinbjörn Jakobsson SH 10  | 0,142%  | 0       | -9.936  | 0         | 0,0000% |
| 1591 | Núpur BA 69                 | 0,133%  | 0       | -9.275  | 0         | 0,0000% |
| 253  | Hamar SH 224                | 0,112%  | 164.398 | 156.551 | 353.254   | 1,4779% |
| 84   | Kristbjörg VE 71            | 0,094%  | 0       | -6.586  | 0         | 0,0000% |
| 2770 | Brimnes RE 27               | 0,092%  | 755.112 | 748.666 | 818.126   | 3,4228% |
| 1136 | Rifsnes SH 44               | 0,074%  | 0       | -5.188  | 0         | 0,0000% |
| 1420 | Keilir SI 145               | 0,070%  | 0       | -4.917  | 0         | 0,0000% |
| 2462 | Gunnar Bjarnason SH 122     | 0,066%  | 0       | -4.637  | 70.557    | 0,2952% |
| 1304 | Ólafur Bjarnason SH 137     | 0,057%  | 0       | -3.974  | 0         | 0,0000% |
| 67   | Hera ÞH 60                  | 0,056%  | 0       | -3.939  | 752.763   | 3,1494% |
| 2363 | Kap VE 4                    | 0,049%  | 0       | -3.416  | 0         | 0,0000% |
| 2454 | Siggi Bjarna GK 5           | 0,044%  | 0       | -3.111  | 43.842    | 0,1834% |
| 1084 | Friðrik Sigurðsson ÁR 17    | 0,044%  | 0       | -3.083  | 59.745    | 0,2500% |
| 2433 | Frosti ÞH 229               | 0,042%  | 0       | -2.922  | 268.647   | 1,1240% |
| 1856 | Rifsari SH 70               | 0,040%  | 0       | -2.789  | 0         | 0,0000% |
| 530  | Hafrún HU 12                | 0,033%  | 0       | -2.293  | 0         | 0,0000% |
| 2774 | Kristrún RE 177             | 0,024%  | 0       | -1.669  | 0         | 0,0000% |
| 2446 | Þorlákur ÍS 15              | 0,019%  | 0       | -1.338  | 0         | 0,0000% |
| 2313 | Örn KE 14                   | 0,017%  | 0       | -1.171  | 0         | 0,0000% |
| 795  | Drífa SH 400                | 0,016%  | 18.908  | 17.787  | 0         | 0,0000% |
| 2102 | Bára SH 27                  | 0,012%  | 0       | -841    | 0         | 0,0000% |
| 2780 | Ásgrímur Halldórsson SF 25C | 0,008%  | 0       | -567    | 0         | 0,0000% |
| 2747 | Gullberg VE 292             | 0,005%  | 0       | -318    | 0         | 0,0000% |
| 1056 | Arnar ÁR 55                 | 0,004%  | 0       | -280    | 277.113   | 1,1594% |
| 2463 | Matthias SH 21              | 0,003%  | 70.972  | 70.755  | 206.432   | 0,8637% |
| 1855 | Ósk KE 5                    | 0,003%  | 0       | -175    | 0         | 0,0000% |
| 1524 | Ásrún AK 72                 | 0,002%  | 0       | -119    | 0         | 0,0000% |
| 2408 | Geir ÞH 150                 | 0,002%  | 0       | -112    | 25.776    | 0,1078% |
| 1434 | Þorleifur EA 88             | 0,002%  | 0       | -105    | 0         | 0,0000% |
| 2158 | Tjaldur SH 270              | 0,001%  | 0       | -49     | 0         | 0,0000% |
| 2749 | Helga RE 49                 | 0,0002% | 0       | -13     | 0         | 0,0000% |
| 1269 | Aðalbjörg II RE 236         | 0,0001% | 0       | -7      | 0         | 0,0000% |

|                         |                      |        |           |                |            |           |
|-------------------------|----------------------|--------|-----------|----------------|------------|-----------|
| 1327                    | Gunnbjörn ÍS 302     | 0,000% | 957.651   | <b>957.651</b> | 2.283.384  | 9,5531%   |
| 2025                    | Bylgja VE 75         | 0,000% | 519.104   | <b>519.104</b> | 101.733    | 0,4256%   |
| 2190                    | Eyborg ST 59         | 0,000% | 384.419   | <b>384.419</b> | 1.457.929  | 6,0996%   |
| 78                      | Ísborg ÍS 250        | 0,000% | 329.313   | <b>329.313</b> | 940.331    | 3,9341%   |
| 1337                    | Skafti HF 48         | 0,000% | 193.607   | <b>193.607</b> | 0          | 0,0000%   |
| 89                      | Grímsnes BA 555      | 0,000% | 193.125   | <b>193.125</b> | 831.800    | 3,4800%   |
| 288                     | Jökull SK 16         | 0,000% | 32.583    | <b>32.583</b>  | 234.022    | 0,9791%   |
| 1244                    | Blómfríður SH 422    | 0,000% | 30.273    | <b>30.273</b>  | 0          | 0,0000%   |
| 2330                    | Esjar SH 75          | 0,000% | 23.837    | <b>23.837</b>  | 86.773     | 0,3630%   |
| 1612                    | Hallgrímur SI 77     | 0,000% | 19.017    | <b>19.017</b>  | 458.279    | 1,9173%   |
| 1951                    | Andri BA 101         | 0,000% | 7.811     | <b>7.811</b>   | 0          | 0,0000%   |
| 2276                    | Ísbjörn ÍS 304       | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 1.253.702  | 5,2452%   |
| 259                     | Jökull ÞH 259        | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 1.001.945  | 4,1919%   |
| 1472                    | Klakkur SK 5         | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 565.105    | 2,3643%   |
| 1009                    | Röst SK 17           | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 397.081    | 1,6613%   |
| 1204                    | Jón Gunnlaugs ST 444 | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 288.935    | 1,2088%   |
| 182                     | Vestri BA 63         | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 239.821    | 1,0034%   |
| 1964                    | Sæfari ÁR 170        | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 226.588    | 0,9480%   |
| 1279                    | Brettingur RE 508    | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 171.831    | 0,7189%   |
| 1674                    | Sóley SH 124         | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 171.026    | 0,7155%   |
| 177                     | Fönix ST 177         | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 152.684    | 0,6388%   |
| 923                     | Orrí ÍS 180          | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 100.915    | 0,4222%   |
| 1014                    | Ársæll ÁR 66         | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 98.322     | 0,4114%   |
| 1968                    | Aldan ÍS 47          | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 87.436     | 0,3658%   |
| 1622                    | Nökkvi ÞH 27         | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 69.026     | 0,2888%   |
| 2430                    | Benni Sæm GK 26      | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 45.840     | 0,1918%   |
| 1236                    | Steinunn AK 36       | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 22.371     | 0,0936%   |
| 1628                    | Hrafn GK 111         | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 5.731      | 0,0240%   |
| 1611                    | Eiður ÍS 126         | 0,000% | 0         | <b>0</b>       | 5.600      | 0,0234%   |
|                         |                      |        | 7.142.754 | <b>142.754</b> | 23.901.983 | 100,0000% |
| Fjöldi skipa á listanum |                      |        | 105       |                |            |           |

#### Allur rækjuafli fiskveiðiárið 2009 - 2010:

|  |           |
|--|-----------|
| Úthafsrækja                                | 7.142.754 |
| Dröfn RE - Sérst.úthl. v/ranns.úthafsrækja | 1.281     |
| Bjarni Sæmundsson - rannsóknarskip         | 3.520     |
| Arnarfjarðarrækja                          | 313.707   |
| Dohrnbanki                                 | 3.634     |
| Utan landhelgi (Flæmingjarækja 3-L)        | 184.755   |

7.649.651 0



**Samantekt:**

76 fiskiskip fengu úthlutað úthafsþækkvóta fiskveiðirárið 2009 - 2010.

Úthlutun á úthafsþækkju var 7.000.000 kg - en veiðin var 7.142.754 kg

Af þeim skipum sem fengu úthlutað meira en 2% af kvóta veiddi aðeins 1 skip = 639.381 kg - 8,9%

Af þeim skipum sem fengu úthlutað minna en 2% af kvóta veiddu 9 skip = 3.812.633 kg - 53,4%

Skip sem voru kvótalaus en veiddu voru 11 = 2.690.740 kg - 37,7%

67 skip af þeim 76 skipum sem fengu úthlutað kvóta leigðu frá sér kvóta sem nam 6.114.807 kg - eða 87% af úthlutaðum kvóta.

## Lögfræðialít varðandi réttarstöðu útgerða sem stundað hafa rækjuveiðar sl. 3 ár.

Álít þetta er unnið að beiðni útgerðarinnar Sólbergs ehf. sem gert hefur út skip til úthafs rækjuveiða síðast liðin 3 ár..

### Samantekt.

Frumvarpshöfundar fiskveiðistjórnunarlaga nr. 38/1990, gerðu ekki sérstaklega ráð fyrir þeim möguleika að áhugi á veiðum kvótasettrar tegundar félli niður, sbr. veiðar úthafs rækju.

Ákvörðun um heildar afla, sbr. 3. gr. fiskveiðistjórnunarlaga nr. 116/2006 (fstjl) er tvíþætt, þ.e. annars vegar þarf að skoða fiskifræðileg sjónarmið og hins vegar hvort raunveruleg sókn í tegund ógni þeim.

Í 1. og 2. mgr. 8. gr. fstjl. felast tvö kerfi um stjórn fiskveiða, þ.e. annað hvort „frjálsar“ veiðar án heildaraflatakmarkunar eða veiðar bundnar aflahlutdeild. Ef ákvörðun um heildar afla er ekki tekin fellur eldri aflahlutdeild úr gildi, enda hvílir áskilnaður um að aflahlutdeild haldist óbreytt milli ára á því að stjórn veiða fari eftir ákvæðinu. Veiðar á tegund geta einungis verið í öðru kerfinu.

Í orðalagi 9. gr. fstjl. varðandi kvótasetningu „en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildar afla“, birtist að frumvarpshöfundar höfðu ekki í huga að sókn í kvótasetta tegund myndi falla niður og kvóti verða óþarfur, sbr. 3. gr. laganna. Regla greinarinnar um að horfa til nýlegs 3ja ára veiðitímabils á samkvæmt markmiðum og meginreglum fiskveiðistjórnunarlaga að gilda alltaf þegar veiðar sem hafa verið frjálsar eru færðar í aflahlutdeild. Hugsanlega er unnt að lögjafna ákvæðinu við stöðu rækjuútgerða sem nú hafa stundað frjálsar veiðar í 3 ár.

Ákvæði 15. gr. fstjl. fela í sér þá meginreglu að veiðiskylda er á einstökum nytjastofnum. Réttindum fylgja skyldur. Ákvæðið hefði leitt til þess að eldri aflahlutdeildarhafar hefðu verið búnir að verða fyrir skerðingu aflahlutdeildar þegar veiðar voru gefnar frjálsar 2010, ef ekki hefðu komið til sérlög um undanþágur, sbr. lög nr. 42/2006 og 151/2007. Staða veiða hjá hlutdeildarhöfum og sérlög sem felldu niður skyldur þeirra, gáfu vísbendingu um að fleiri sérákvæðanir yrðu teknar um stjórn veiðanna.

Ekki liggur annað fyrir en að ákvörðun sjávarútvegsráðherra árið 2010 um að færa stjórn rækjuveiða úr 2. mgr. 8. gr. fstjl. í 1. mgr. 8. gr. þ.e. „frjálsar“ veiðar, hafi verið lögmat. Ákvörðunin var í eðli sínu ívilnandi fyrir útgerðir sem áður höfðu aflahlutdeild, þ.e. þær voru leystir úr takmarkunum veiða og veitt rými til atvinnuréttindi. Allar útgerðir fengu jafnan rétt til veiða.

Réttarstaða útgerða sem stundað hafa veiðar á grundvelli 1. mgr. 8. gr. fstjl. er sambærileg við önnur tilvik þar sem til greina hefur komið að kvótasetta tegund, sbr. 9. gr. um 3ja ára veiðireynslu. Þegar endi er bundinn á veiðar skv. 1. mgr. 8. gr. verður að skerða atvinnuréttindi starfandi útgerða, þannig að gætt sé jafnræðis og meðalhófs. Ákvörðun aflahlutdeildar eingöngu á grundvelli 3ja ára veiðireynslu samrýmist þeim sjónarmiðum, gagnvart öllum útgerðum.

Nýleg veiðireynsla hefur verið meginviðmið við úthlutun aflahlutdeildar. Í eldri dæmum um kvótasetningu hefur verið litið til annarra sjónarmiða, þegar nýleg veiðireynsla lýsir ekki veiðigetunægjanlega. Tillit til eldri aflahlutdeildar, sem kvótahafar veiddu ekki upp í, væri andstæða slíkra sjónarmiða. Slíkt viðmið væri fordæmalaust og í andstöðu við jafnræðis- og meðalhófs sjónarmið.